Formáli ritstjóra

Nú í upphafi vetrar færum við ykkur, lesendur góðir, nýtt hefti tímaritsins *Orðs og tungu*. Tímaritið kemur nú út í 26. sinn en er nokkuð seinna á ferðinni en undanfarin ár vegna óviðráðanlegra orsaka. Helga Hilmisdóttir sem setið hefur í stól ritstjóra síðastliðin ár hverfur af vettvangi en í hennar stað kemur Jóhannes B. Sigtryggsson rannsóknardósent sem er dyggum lesendum tímaritsins eflaust að góðu kunnur enda hafa birst eftir hann fjölmargir fróðleiksmolar á síðum þess undanfarin ár.

Í þessu 26. hefti *Orðs og tungu* er víða komið við í þeim fræðum sem falla undir áherslusvið tímaritsins. Ekkert sérstakt þema var að þessu sinni og því fjölbreytt úrval greina sem bera grósku í fræðastarfi gott vitni. Í heftinu eru fimm ritrýndar greinar sem eru nokkuð ólíkar en greina frá markverðum rannsóknum í málvísindum og nafnfræði. **Ingunn Hreinberg Indriðadóttir** og **Þórhallur Eyþórsson** fjalla um sjálfstæða forsetningarliði með lýsingarhætti þar sem þau rannsaka slíkar setningargerðir bæði í sögulegu og samtímalegu ljósi. **Martina Huhtamäki** og **Väinö Syrjälä** skoða í ítarlegri og fróðlegri grein málландslag í verslanamiðstöð á Akureyri. Málландslag hefur verið félagsmálvísindafólki víða um lönd hugleikið á undanförnum árum en lítill gaumur hefur verið gefinn að því í íslensku samhengi til þessa. **Veturliði Óskarsson** og **Þorsteinn G. Indriðason** beina sjónum að herðandi forliðum sem eru mjög algengir í íslensku, einkum í töluðu máli en einnig rituðu, en hafa lítið verið rannsakaðir af fræðimönnum. Höfundar fjalla ítarlega um þessa liði og samspili þeirra við sagnorð af mismunandi gerðum. Athuganir þeirra eru byggðar á fjölda dæma frá ýmsum tímum. Veturliði og Þorsteinn eru einnig meðhöfundar **Margrétar Jónsdóttur** í annarri grein í þessu hefti þar sem tekin er fyrir ákveðin afleiðsluorðmyndun, þar sem orðhlutinn *-an-* kemur fyrir á undan lýsingarorðsviðskeytinu *-legur*. Þau draga þar fram

margt fróðlegt um eðli *-an-* í nútímaíslensku með samanburði við eldri málstig og skoða merkingu *-an-* í *-anlegur*. Síðasta ritrýnda greinin er svo umfjöllun **Sigurðar R. Helgasonar** um hvernig Óðinsheiti hugsanlega birtast í mannanöfnum og örnefnum. Niðurstöður athugana hans á örnefnum benda til að leifar Óðinsdýrkunar kunni að leynast víðar hérlendis en fræðimenn hafa talið til þessa auk þess sem Austurland virðist skera sig úr þegar kemur að dreifingu örnefna sem tengjast heiðnum sið.

Í heftinu er einnig að finna fimm óritrýndar smágreinar. Í fyrstu greininni hefur **Svavar Sigmundsson** rannsakað og tekið saman fróðleik sem tengist orðinu eða orðhlutanum *burn* í samsetta orðinu *burnirót*. **Aðalsteinn Hákonarson** fjallar annars vegar í yfirlitsgrein um örnefnastýringu í tengslum við skráningu og hnitsetningu örnefna í opinberum örnefnagrunni og í annarri grein frá þremur athugunum vegna fyrirspurna um örnefni í grunninum. Í þeirri fjórðu reifa svo **Þórdís Úlfarsdóttir** og **Halldóra Jónsdóttir** nýjasta tvímála orðabókarverkefni Árnastofnunar sem er íslensk-pólsk orðabók. Ljóst er að mikil þörf er á slíku hjálpargagni og spennandi að sjá hvernig staðið er að verkinu. Að lokum gerir **Ásta Svavarsdóttir** grein fyrir *Ritmálssafni Orðabókar Háskólans,* þróun þess og stöðu í dag. Að endingu má finna ritfregnir um valin útgefin rit sem lesendur tímaritsins kynnu að hafa áhuga á.

Við viljum þakka höfundum greina í 26. hefti *Orðs og tungu* fyrir ánægjulegt samstarf. Eins og tíðkast hjá flestum fræðilegum tímaritum fylgir *Orð og tunga* þeirri reglu að ritrýnar njóta nafnleyndar. Við getum því ekki nefnt þá með nafni sem tóku að sér að leggja fræðilegt mat á þær greinar sem bárust en sendum þeim hér með þakklætiskveðjur fyrir ómetanlegt framlag. Þá þökkum við þeim sem sitja í ráðgefandi ritnefnd tímaritsins fyrir þeirra störf. Bessi Aðalsteinsson fær bestu þakkir fyrir að annast enn sem fyrr umbrot og samskipti við prentsmiðju og kápuhönnuð og Svanhildur María Gunnarsdóttir fyrir framúrskarandi prófarkalestur.

Ellert Þór Jóhannsson og Jóhannes B. Sigtryggsson ritstjórar